



Umsögn

miðstjórnar ASÍ um tillögu Verkalýðsfélags Akraness til ályktunar á 42.þingi ASÍ er lítur að tillögu að nýju vinnumarkaðsmódeli.

Þann 27. október 2015 skrifuðu aðilar vinnumarkaðarins undir samkomulag um mótun nýs samningalíkans fyrir íslenskan vinnumarkað. Þar segir:

„Þegar aðilar þessa samkomulags hafa sammælt um nýtt samningalíkan verði skoðað hvort og þá hvaða breytingar þurfi mögulega að gera á vinnulöggjöf til að treysta nýtt samningalíkan í sessi.“

Ekki stendur til að opna viðræður um breytingar á þeim hluta vinnulöggjafarinnar sem lítur að grundvallarskipulagi verkalýðshreyfingarinnar og samningsrétti aðildarfélaganna og því vandséð hvers vegna þingið ætti að álykta um eitthvað sem ekki er á dagskrá. Mikil vinna er framundan við mótun samningalíkansins þar sem kallað verður eftir þátttöku aðildarféлага og félagsmanna. Þegar niðurstaða liggur fyrir, líklega á vormánuðum 2017, hefur samninganefnd ASÍ þegar ákveðið að hún verði lögð í sérstaka atkvæðagreiðslu allra félagsmanna allra aðildarsamtaka ASÍ. Sú atkvæðagreiðsla fer ekki fram fyrr en niðurstaða liggur fyrir um endanlega gerð samningalíkansins. Þá fyrst verður það skoðað hvort og þá hvaða breytingar þurfi hugsanlega að gera á vinnulöggjöfinni m.a. hvað varðar valdheimildir ríkissáttasemjara. Miðstjórn ASÍ telur því bæði ómarkvisst og ótímabært að þing ASÍ samþykki tillögu VLFA og leitist þannig við að taka fram fyrir hendur samninganefnda aðildarsamtakanna og félagsmanna ASÍ sem með samningsréttinn fara.



42. þing Alþýðusambands Íslands haldið 26.-28. október 2016 hafnar því alfarið að vera aðili að nýju vinnumarkaðsmódeli sem nú er unnið að, ef það leiðir til þess að frjáls samningsréttur stéttarfélaganna verður skertur eða takmarkaður á nokkurn hátt.

Í ljósi þeirrar umræðu að til standi að breyta lögum um stéttarfélög og vinnudeilur vegna nýs vinnumarkaðsmódelis vill 42. þing ASÍ vill taka það sérstaklega fram að allar slíkar breytingar verði að liggja fyrir áður en kosið verði um nýtt vinnumarkaðsmódel.

42. þing ASÍ vill líka að það komi skýrt fram að þingið hafnar öllum hugmyndum um breytingar á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur sem geta leitt til skerðingar eða takmörkunar á frjálsum samningsrétti stéttarfélaganna.

42. þing ASÍ er sannfært um að forræði hvers stéttarfélags til kjarasamningsgerðar og frjáls samningsréttur sé hornsteinn stéttarfélagsbaráttu á Íslandi og það frjálsræði og þann samningsrétt megi ekki skerða eða takmarka á nokkurn hátt.